

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/52**

**2015/EES/34/16**

**frá 14. janúar 2015**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar  
skýrslugjafaraðildarríkið fyrir virka efnið mekópróp-P (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 <sup>(2)</sup> er mati á hverju virku efni úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis. Að beiðni umsækjanda og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki er talið nauðsynlegt að breyta skýrslugjafaraðildarríkinu fyrir mekópróp-P en virða um leið jafna dreifingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkjanna. Héðan í frá ætti að úthluta mati í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun fyrir mekópróp-P til Bretlands.
- 2) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað færslunnar um virka efnið mekópróp-P í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 komi eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Mekópróp-P	UK	IE“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtið. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).